

Hverfisráð Hlíða

Ár 2016, fimmtudaginn 2. júní var haldinn 131. fundur Hverfisráðs Hlíða. Fundurinn var haldinn að Laugavegi 77 og hófst kl. 17.05. Viðstödd voru Margrét Norðdahl, formaður sem stýrði fundi, Örn Þórðarson, Hrefna Guðmundsdóttir, og Jóhanna Halldórsdóttir áheyrnarfulltrúi. Þá sátu fundinn Sigþrúður Erla Arnardóttir, framkvæmdastýra Þjónustumiðstöðvar miðborgar og Hlíða og Hörður Heiðar Guðbjörnsson verkefnastjóri í sem jafnframt ritaði fundargerð.

Þetta gerðist

1. Loftgæðamælingar við leikskólann Stakkaborg: Málinu frestað þar sem fulltrúar heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar forfölluðust. Stefnt á að taka málið fyrir á næsta fundi.
2. Hljóðvist við Suðurhlíð 35: Svar lagt fram frá USK þar sem fram kemur að framkvæmdir við hljóðvarnir þarna eru ekki komnar á áætlun. Hverfisráð ítrekar beiðni um að fram fari mælingar á hljóðvist við Suðurhlíð 35 og felur framkvæmdastjóra að senda beiðni á HER þess efnis.
3. Hraðatakmarkanir í Stigahlíð: Óskað er eftir því að fram fari úttekt og skoðað hvort þörf er á hraðatakmarkandi aðgerðum í götunni. Framkvæmdastjóra falið að senda beiðni á USK þess efnis með rökstuðningi íbúa.

4. Hverfaskipulag í Hlíðum:

Hverfisráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð fagnar faglegri og góðri vinnu við hverfaskipulag. Í maí fóru fram samráðsfundir og samstarfsverkefni innan hverfisskipulagsvinnunar í Hlíðum og þakkar Hverfisráðið öllum sem komu að því á einn eða annan hátt og þá sérstaklega börnunum sem unnu líkön af hverfinu.

5. Erindi frá íbúa vegna göngubrúar yfir Miklubraut: Erindi frá íbúa v. Göngubrúar yfir Miklubraut á kaflanum frá Lönguhlíð að Kringlumýrarbraut: Erindi lagt fram í Borgarráði 19. nóv 2015 og sent til USK til meðferðar. Framkvæmdastjóra falið að senda fyrirspurn til USK um það hvar málið er statt.
6. Leik- og og græn svæði í fóstur: Formaður kynnti verkefnið, leik- og dvalarsvæði í fóstur í Hlíðum, Holtum og Norðurmýri. Verkefnið leik- og dvalarsvæði í fóstur á rætur sínar að rekja til ársins 2009. Hverfisráð Hlíða og deild Náttúru og garða hjá Umhverfis- og skipulagssviði taka nú upp þráðinn aftur og Reykjavíkurborg Býður íbúum að fóstur leik- og dvalarsvæði í hverfinu í samstarfi við Þjónustumiðstöð og Umhverfis- og skipulagssvið. Verkefnið er kynnt undir svæði Hlíða á síðu Reykjavíkurborgar.
7. Betri hverfi: Farið yfir verkefnið sem nú er í gangi og hverfisráðs hvetur íbúa í Hlíðarhverfi til að koma með hugmyndir af verkefnum sem gætu átt heima í þessu verkefni.
8. Styrkir hverfisráðs Hlíða: Hverfisráð ákvað að auglýsa eftir umsóknum í sjóð ráðsins allt að 400.000 kr. en frestur til að skila inn umsóknum verður til 26. júní n.k. Nálgaðst má umsóknarblöð inn á heimasíðu Reykjavíkurborgar undir Hlíðum. Eingöngu verður stutt við verkefni sem unnin verða í Hlíðarhverfi og miða að því að efla félagsauð og/eða heilsuefningu.

Fundi slitið kl. 18.15

Margrét M. Norðdahl (sign)
Hrefna Guðmundsdóttir (sign)

Örn Þórðarson (sign)